



Velkomin á
SKÓGARNES
VIÐ APAVATN

Hagnýtar upplýsingar um húsið, nágrenni
þess og þjónustu á svæðinu



**RAFIDNADARSAMBAND
ÍSLANDS**

Við komu....

Nauðsynlegt að koma með:

Borðklúta - Diskapurrrukur - Salernispappír

Sængurver - Koddaver - Lök í rúmin

Handklæði



Orlofshús Rafiðnaðarsambandsins á Skógarnesi við Apavatn liggja við veg nr. 364. Stysta leiðin frá höfðuðborgarsvæðinu er um Mosfellsbæ, Þingvelli og síðan Laugarvatn. Frá Ártúnsbrekkunni eru þetta rúmlega 70 km.

Lyklabox er við hvert hús á Skógarnesi. Númer að lyklaboxum er á leigusamningi. Skiljið lyklna eftir í lyklaboxinu við brottför.



WIFI - Tenging við internetið

Nafn: Skogarnes

Lykilorð: skogarnes12345



Viltu senda ábendingu?

Hafir þú ábendingar vegna umgengni eða annað er snýr að orlofshúsinu/íbúðinni sem þú leigðir þá hvetjum við þig eindregið til þess að senda okkur ábendinguna rafrænt með því að skanna QR-kóðann sem er hér til hliðar eða slá inn slóðina í vafrann í tölvunni hjá þér.

Með þessum hætti getum við brugðist við ábendingum á skilvirkari hátt en þegar ábendingar eru skráðar í gestabækur eða með símtali. Við viljum fá sem flestar ábendingar sem geta leitt til betri veru í orlofshúsum/íbúðum okkar.

Slóð: <http://rafis.is/orlofshus/abendingasida-vegna-orlofshusa/>



Spurningar?

Ef þið hafið spurningar, eða þurfið að koma á framfæri upplýsingum þá er hægt að hafa samband á eftirfarandi hátt:



rsi@rafis.is



540 0100 - RSÍ (8-16 virka daga og til 15 á föstudögum)



540 0104 - Umsjónarmaður - afgreiðslutími

Á sumrin: 10-18 frá sun. til fimmt. og 10-20 fös. og lau.

Á veturna: 10-14 virka daga, 11-18 laugardaga

Vinsamlegast hringið ekki utan þess tíma nema brýna nauðsyn beri til.

Það sem ekki má....


Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin í orlofseignina og biðjum ykkur að **kynna ykkur vel allar umgengisreglur.**

Reykingar eru stranglegar bannaðar í öllum orlofseignum Rafiðnaðarsambands Íslands.



Öll notkun dróna er bönnuð á orlofshúsasvæðunum, brot á því geta varðað **brottvísun af svæðinu.**

Óheimilt er að vera með gæludýr í eða við húsið.



Allur utanvegaakstur er bannaður. Hámarkshraði á svæðinu er 10 km og bannað er að aka eftir göngustígum. Á tjaldsvæðinu má eingöngu aka með viðlegubúnað. Ekki er leyfilegt að geyma bíla á tjaldsvæði A.

Allir **mótorbátar** og önnur tæki með mótör eru bönnuð á vatninu.



Öll meðferð skotvopna er stranglega bönnuð á orlofssvæði Rafiðnaðarsambands Íslands. Sá sem uppvís verður að notkun skotvopna, verður kærður til lögreglu og missir rétt til veru í orlofshúsum sambandsins í allt að fimm ár.

Öll meðferð flugelda er undantekningalaust stranglega bönnuð.



Ekki er ætlast til að útilegubúnaður sé notaður við húsin án samráðs við umsjónarmann. Í þeim tilfellum er greitt sama gjald og á tjaldstæðinu.

Notið eigin rúmföt og sofið ekki á hlífðarlakinu einu sér. Verði óhapp þá vinsamlega takið yfirdýnuna af og skiljið eftir við útidyráhurð við brottför, takið hlífðardýnu einungis af ef um slíkt er að ræða.



HEITI POTTURINN



Við notkun á heita pottinum skiptir miklu máli að athuga **hvort hitastig sé í lagi** áður en farið er í hann. Gætið sérstaklega að börnum í þessu tilliti. Stillingar er að finna hjá hitastýringunni fyrir pottinn. Fylgið leiðbeiningunum. Hafið samband við umsjónarmann ef eitthvað er í ólagi.



Athugið alltaf hvort hitastig sé í lagi áður en farið er í pottinn!



Heita vatnið í hverfinu er um 80°, þannig að kranavatn og vatn í sturtu getur orðið hættulega heitt ef ekki er athugað að stilla hitastig rétt. Það hafa orðið alvarleg slys þegar börn detta ofan í heita potta. Gætið þess að hafa lokið á ef potturinn er ekki í notkun.

BÁTAR



Bátar standa gestum til boða á Skógarnesi frá júní fram í miðjan ágúst. Bátarnir eru í bátahúsi – sjá kort. Umsjónarmaður hefur lykla að bátahúsinu. Mikilvægt er að fara að öllu með gát þegar siglt er á vatninu og **nota björgunarvesti** sem geymd eru í bátaskýlinu.



ÖRYGGI OG UMGENGNI



Ef alvarleg slys eða veikindi koma upp hringið í 112.
Hjartastuðtæki er staðsett í umsjónarhúsi.
Hringið í umsjónarmann í síma 862 5220



Slökkvitæki er staðsett í forstofu.
Eldvarnarteppi í eldhúsi og útigeymslu.
Reykskynjarar eru tveir eða fleiri í hverju húsi.

Sorp

Gestir eiga sjálfir að fara með sorp úr húsum.
Munið að flokka plast, pappír og dósir frá almennu sorpi. Gámur og flokkunarskýli eru **staðsett við snyrtinguna á tjaldsvæði A**.

Dvalargestir sjá sjálfir um salernispappír, ruslapoka, borðtuskur og viskustykki.

Göngum vel um svæðið okkar og bústaðinn.
Umgengni lýsir innri manni.



Svæðið er einkasvæði ætlað fjölskyldum félagsfólks og gestum þeirra.
Orlofssvæðið er fjölskyldusvæði og ætlað til hvíldar og skal vera **ró á svæðinu frá miðnætti til kl 8:00 á morgnana**.

Ef gas klárast er nýr gaskútur við kjallaradýr á umsjónarhúsi. Takið nýjan gaskút og skiljið eftir tóma gaskútinn. Það þarf ekki að hringja í umsjónarmann til að láta vita um skiptin. Ef gaskúturinn er tómur við brottför, skiljið kútinn eftir við útidyrarhurð. Ef lítið er eftir í gaskútum við komu er hægt að ná fyrst í fullan kút og skila tóma kútum síðar en vinsamlegast **klárið úr kútum áður en nýr er tengdur við**, það er oft meira í kútum en maður heldur.



Tvær hleðslustöðvar fyrir rafbíla eru á svæðinu - sjá kort. Önnur stöðin er 22 kw og hin 50 kw. Til að hlaða þarf að vera með aðgang hjá e1 eða e1 appið. Sjá e1.is. Óheimilt er að hlaða bíla í tenglum orlofshúsa.



Látið okkur vita...

- **Ef slys hefur orðið.** Skráning slysa er nauðsynleg svo hægt sé að gera úrbætur til að koma í veg fyrir að þau gerist aftur.
- **Ef eitthvert óhapp verður**, t.d. eitthvað brotnar eða sængur/koddar verða óhrein.



Notið **ábendingarhnappinn** á heimasíðu RSÍ eða sendið töluvpóst á **rsi@rafis.is**

SKÓGARNES VIÐ APAVATN



Apavatn


Apavatn er eitt af stærstu stöðuvötnum landsins, um 13,6 km² að flatarmáli sunnan Laugarvatns í Árnessýslu. Nafnið er talið koma af orðinu ap sem merkir leðja eða leir.

Apavatn er 59 metra yfir sjávarmál. Vatnið er allt grunnt, mesta dýpi þess er 3 m, en mesta lengd þess er 6,8 km. Nokkrar smáar renna í vatnið frá hæðunum í kring. Að sunnan kemur Stangalækur. Suðvestan í vatnið rennur Apá og norðan Grafará, og er hún vatnsmest. Hagaós er eina frárennslið úr vatninu og rennur í Brúará.

Heimild: Wikipedia

Vegalengdir til ýmissa staða í nágrenninu

Laugarvatn	8 km
Laugarvatnshellar	17 km
Borg	21 km
Efstidalur	21 km
Sólheimar í Grímsnesi	23 km
Brúarfoss	24 km
Þingvellir	25 km
Skálholt	27 km
Kerið	27 km
Laugarás	29 km
Reykholt í Biskupstungum	31 km
Friðheimar	31 km
Geysir	37 km
Flúðir	42 km
Flúðasiglingar (Artic rafting)	42 km
Selfoss	43 km
Brautarholt	44 km
Gullfoss	46 km



Apavatn er töluvert stærra en hinn nafnfrægi nágranni þess Laugarvatn. Í innan við klukkutíma akstursfjarlægð er margt áhugavert að skoða. Yfir Lyngdalsheiðina er stutt að fara á Þingvelli og sé ekið í austur frá Laugarvatni eru fleiri viðkomustaðir Gullna hringsins eins og Geysir og síðan Gullfoss. Fyrir sunnan Apavatn liggur Biskupstungnabraut. Þar er hægt að heimsækja áhugaverða staði allt frá Selfossi og upp að Gullfossi.



**Mikil uppbygging
hefur átt sér stað
undanfarna áratugi
á orlofssvæði RSÍ
við Apavatn.
Það er vinsæll áningar-
staður meðal RSÍ félaga.**

Svæðið samanstendur af skjólgóðu tjaldsvæði sem skipt er upp í 5 hluta og 17 orlofshúsum í fjórum stærðum, 270fm, 90fm, 55fm og 35fm.

Aðstaða er öll til fyrirmyndar og búin öllum þeim þægindum sem góð tjaldsvæði þrýða. Útivistar- og leiksvæði auk golfvallar er á svæðinu og bátar eru í boði yfir hásumarið.

Á yfirlitskortinu má finna upplýsingar um afþreyingu á svæðinu.

Tjaldsvæðið og önnur aðstaða á svæðinu

Á svæðinu er glæsilegt og skjólgott tjaldsvæði búið öllum þeim þægindum sem hægt er að bjóða á.



Snyrtingar og sturtur.
Útivaskar undir þaki.
Þvottaaðstaða.
Heitt og kalt vatn.

Leiktæki, körfu, fótboltavellir.

Púttvöllur og 9 holu

par 3 golfvöllur.

100fm blöðru-trambólin.



Gasgrill eru á svæðinu. Þau eru við
snyrtingu á tjaldsvæðum A og B.

Lausaganga gæludýra er bönnuð en
leyfilegt er að hafa þau í taumi og í
hæfilegri fjarlægð frá öðrum gestum.



Tjaldsvæðið opnar í maí ár hvert og er opið fram í september. Nánari tímasetningar fara eftir veðri og frosti í jörðu á vorin.



Reglur

<https://rafis.is/skogarnes-vid-apavatn/>



Gjaldskrá

<https://rafis.is/orlofskerfi-rsi/>

Svæðið er eingöngu ætlað félögum í RSÍ og gestum þeirra, bæði tjalðsvæði og orlofshús

Við brottför....

Við vonum að dvölin ykkar á Skógarnesi hafi verið ánægjuleg. Vinsamlegast gangið vel um húsið og **þrífið það vel í lok dvalarinnar**. Munið að húsið er sameign okkar allra.

Í öllum bústaðnum



- Þvo öll gólf með gólfsápu í vatninu, þurrka yfir gólf.
- Þrífa glugga og ryksuga flugur.
- Þrífa rúm og rúmstæði.
- Ganga frá hlífðardýnum sængum og koddum í rúmstæði.

Í eldhúsinu

- Tæma ísskáp/frysti og þrífa.
- Þrífa örbylgjuofn, eldavél, ofn og vöflujárn.
- Þrífa vaskaskáp og fara með allt rusl í ruslagám.



Auk þess



- Þrífa klósett, sturtu og vaska.
- Þrífa grill og grilláhöld losa fitudall undir grilli.
- Tæma og þrífa heita pottinn. Munið að setja lokið aftur á.
- Skipta um poka í ryksugu ef með þarf.
- Öll hreinsiefni eru á staðnum.

- Vinsamlega lokið öllum gluggum fyrir brottför og gætið þess að **skilja eigur ykkar ekki eftir**. Athugið sérstaklega að skilja ekki eftir matvæli í eldhúsi svo sem í ísskáp eða skápum.
- Ekki taka hita af húsinu við brottför
- Gangið frá lyklum í lyklaskáp



Telji umsjónarmaður viðskilnað það slæman að kalla þurfi út starfsmann til að þrífa bústaðinn er innheimt fyrir öllum kostnaði vegna þess.

Nokkrir staðir í næsta nágrenni



Laugarvatn

8 km 📍📍

Skólaborpið Laugarvatn er næsti þéttbýliskjarni við Skógarnes. Þar er ýmis þjónusta svo sem verslanir, bensínstöð, veitingastaðir, sundlaugar og böð. Íbúar eru á annað hundrað.



Gullkista

19 km 📍📍

Gullkistan er klettaborg efst á Miðdalsfjalli. Sagt er að ef gengið sé aftur á bak frá Miðdal upp að Gullkistu þá opnast hún og er vitaskuld full gulls og gersema.



Laugarvatnshellar

17 km 📍📍

Laugarvatnshellar eru tveir manngerðir hellar sem eru staðsettir á milli Þingvalla og Laugarvatns. Engar heimildir eru til um uppruna þeirra. Þó eru uppi kenningar um að þeir hafi verið gerðir fyrir landnám af Pöpum. Hægt er hægt að bóka leiðsögn. (thecavepeople.is)



Miðdalskirkja

13 km 📍📍

Miðdalskirkja var byggð árið 1869 og tekur 50 manns í sæti. Altaristaflan er steinprentuð Kristsmýnd í eikaramma og predikunarstóllinn var gerður árið 1837.



Efstidalur

21 km 📍📍

Efstidalur er fjölskyldubúli sem opnað hefur verið fyrir ferðamenn og býður upp á fjölbreyttar vörur beint frá býli, eins og hinn fræga ís, skyr og fetaost. Veitingastaðurinn býður einnig upp á nautakjöt frá bænum og annan staðbundinn mat.



Dýragarðurinn Slakki

30 km 📍📍

Dýragarðurinn Slakki er lítill húsdýragarður í Laugarási, Biskupstungum. Þar er boðið uppá Veitingar og minigolf og ýmislegt fleira fyrir yngstu kynslóðina.

SUNDLAUGAR



Laugarvatn Fontana er heilsulind sem nýtir jarðhitann á Laugarvatni. Þar er gufubað, sauna, laugar og svo aðgangur í Laugarvatnið sjálft. Kynnið ykkur afsláttarkjör RSÍ á orlofsvefnum.

☎ 486 1400

📍 8 km

Sundlaugin Laugarvatni er 25 metra löng með þremur heitum pottum, köldu kari og gufubaði

☎ 480 3061

📍 8 km

Í íþróttamiðstöðinni Borg má finna sundlaug, heita potta, gufubað, líkamsræktaraðstöðu og íþróttasal

☎ 480 5530

📍 20 km

Í **Sundhöll Selfoss** er barna- og 18 metra innilaug, 25 metra útilaug, barnalaug með þremur rennibrautum, vaðlaug, vatnsgufa, sauna og heitir og kaldir pottar.

☎ 480 1960

📍 42 km

Gamla laugin (Secret Lagoon) er elsta sundlaug Íslands. Hún er staðsett á Hverahólma við Flúðir.

☎ 555 3351

📍 42 km

Neslaug í Árnesi er 12.5 m á lengd og breidd. Heitur pottur..

☎ 486 6117

📍 45 km



Sund er gott fyrir heilsuna

Margir sem hreyfa sig að staðaldri mega af einhverri ástæðu ekki hlaupa eða nenna því einfaldlega ekki. Fyrir þessa einstaklinga er sund tilvalin íþrótt, bæði til þess að koma sér í form og eins til að stunda skemmtilega tómstundaiðju.

Sund er að sumu leyti ákjósanlegri þjálfunaraðferð en hlaup. Ein ástæða þess er sú að vatnið hefur þá eiginleika að gera mann „léttari“ þannig að álag á liði og vöðva verður minna en á þurru landi. Þannig eru álagsmeiðsli sjaldgæf í sundi og er slík hreyfing því góður kostur fyrir þá sem þegar eiga við meiðsli að stríða. Þá er sundþjálfun jafnframt tilvalin fyrir eldra fólk, þá sem eru of þungir, þá sem eiga erfitt með hreyfingar, fólk með bakmeiðsli, þungaðar konur o.fl.

Tekið af: doktor.is



Laugarvatn
Fontana

VEIÐI OG VEIÐISTAÐIR



Falleg bleikja úr Hólaá.

Laugarvatn Vinsælt veiðivatn sem hentar jafnt byrjendum sem lengra komnum. Í vatninu er bæði urriði og bleikja. Í vatninu er allt agn leyft og veiðivon er afar góð. Laugarvatn er því spennandi valkostur ef börn eru með í för. Hægt er að kaupa leyfi t.d. í Útey og Austurey.

Hólaá Um er að ræða afar gjöfula bleikjuveiðiá sem rennur á milli Laugarvatns og Apavatns. Áin er vinsæl á meðal íslenskra og erlendra veiðimanna, en hinir síðarnefndu koma gjarnan snemma morguns í fylgd leiðsögumanna. Ekki hika við að spyrja leiðsögumennina ráða, ef veiðar ganga treglega. Flestir taka því vel. Veiðileyfi fást á netinu en er líka hægt að kaupa t.d. í Útey.

Brúará Brúará er önnur vatnsmesta bergvatnsá á landinu og er ein af bestu bleikjuveiðiám á landinu og á sitt pláss í hjörtum margra veiðimanna. Hún getur verið byrjendum snúin.

Þingvellir Stuttur bíltúr er yfir í Þjóðgarðinn á Þingvöllum þar sem hægt er að eiga ævintýrlegar stundir fyrir lítinn pening.

Sogið Ofan við Þrastarlund eru skemmtileg veiðisvæði sem eru rómuð fyrir góða bleikjuveiði. Sleppa þarf bleikjunni.

Fisktegundir í íslensku ferskvatni

Í íslenskum ferskvötnum lifa sex tegundir fiska. Þrjár tegundir tilheyra laxaættinni, en það eru atlantshafslaxinn, urriði og bleikja. Hinar þrjár tegundirnar eru hornsíli, evrópski áll og flundra.

Þrátt fyrir fremur fáar tegundir fiska í ám og vötnum hafa ýmiss afbrigði þróast innan stofna bleikja og hornsíla. Tilkoma nýrra afbrigða bleikja er algengust í djúpum vötnum þar sem stórir stofnar bleikju hafa aðlagast ólíkum lifnaðarháttum, svo sem ákveðinni fæðu og/eða búsvæðum. Með tímanum þróast hluti stofnsins yfir í nýtt afbrigði.

Bleikjan í Þingvallavatni hefur til að mynda 4 afbrigði sem öll eru ólík hvað snertir litamynstur, sköpulag, vaxtarferla, stærð og búsvæðaval. Afbrigðin í Þingvallavatni nefnast murta, kuðungableikja, dvergbleikja og sílableikja.



Lax



Urriði



Bleikja

Í ám getur silungur ýmist verið staðbundinn, þ.e. aldrei gengið til sjávar, eða sjógengin, þ.e. gengið til sjávar í fæðuleit áður en snúið er aftur upp ána til hrygningar.

Sjógenginn urriði kallast sjóbirtingur og bleikjan kallast sjóbleikja. Sjóbirtingur er silfraður en staðbundinn urriði er jafnan dekkri.

GOLF



Golfvöllurinn á Skógarnesi er 9 holur. Hann er opinn öllu félagsfólki og gestum þeirra án endurgjalds. Munið að ganga vel um völinn og taka tillit til annarra gesta.

Golfklúbburinn Dalbúi er 9 holu vinalegur völlur í Miðdal Laugarvatni. Félagsfólk í RSÍ fær 50% afslátt af vallargjöldum á Dalbúa gegn framvísun félagsskírteinis. Enn fremur geta þeir sem gista á Skógarnesi við Apavatn geta notað golfkort sem fylgja húsunum til að spila frítt.

✉ dalbui@dalbui.is 📍 14 km

Úthlíðarvöllur er 9 holu golfvöllur sem er opinn allt sumarið og fyrir klúbbfélaga utan þess tíma. Völlurinn er par 35, 2470 metrar af gulum teigum og 2118 af rauðum.

☎ 699 5500 📍 28 km

Golfvöllur Kiðjabergs er sérlega skemmtilegur 18 holu golfvöllur sem er staðsettur í friðsæld íslenskrar náttúru

☎ 486 4495 📍 30 km

Golfkúbbur Öndverðarness er 18 holu golfvöllur, staðsettur í fögru umhverfi Grímsness. Völlurinn býður upp á skemmtilega og krefjandi upplifun fyrir alla kylfinga við frábærar aðstæður.

☎ 482 3380 📍 32 km

Haukadalsvöllur er 9 holur og ber hver hola nafn einhvers af þeim hverum sem finnast á hverasvæðinu. Haukadalsvöllur er mjög skemmtilegur, krefjandi og fallegur golfvöllur er liggur í mjög fallegu umhverfi.

☎ 790 6800 📍 37 km

Selsvöllur á Flúðum er 18 holu golfvöllur og þægilegur í göngu. Mikil uppbygging og endurbætur hafa átt sér stað á vellinum þar sem áhersla er lögð á aðgengi, stígagerð og umhverfi.

☎ 486 6454 📍 42 km



Gönguleiðir á Suðurlandi

Á vef Ferðafélags Íslands www.fi.is er hægt að nálagst upplýsingar um ýmsar gönguleiðir um land allt.



Laugarvatnsskógur

Skógar á Íslandi

Birki (*Betula pubescens*) er eina innlenda trjategundin sem hefur myndað skóga á Íslandi á núverandi hlýsleiði, eða síðustu 10.000 árin. Það hefur verið áætlað að birkiskógar og kjarr hafi þakið meira en fjórðung landsins við landnám eða um 28.000 km², áætlaða útbreiðslu má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Lítið er nú eftir af þessum skóglendum en þau þekja í dag um 1% af yfirborði landsins og að mestum hluta er um kjarr að ræða. Samvinna margra ólíkra þátta er meginástæðan fyrir skógar-eyðingunni, má þar nefna áhrif landnýtingar, veðurfar og jarðhræringar.

Þar sem skógarleifar finnast enn í dag hefur líklega verið skógur eða skógarleifar allt frá landnámi, en ekki er hægt að segja að eiginlegur „landnámsskógur“ sé varðveittur þar sem birkiskógurinn endurnýjar sig frekar hratt. Birki verður sjaldan eldra en 150 ára gamalt. Þar sem skógurinn endurnýjar sig oft með rótarskotum getur verið að einstakir einstaklingar birkis séu margra alda gamlir, það er rótin getur hafa lifað í margar aldir.

Heimild: Vísindavefurinn



Laugarvatnsskógur er einn af fyrstu skógum sem friðaðir voru fyrir beit hér á landi og er enn í umsjá Skógræktarinnar. Hann saman stendur af birkikjarri og gróðursettum lundum frá ýmsum tímum. Skógurinn er í brekkunni fyrir ofan Laugarvatnsporpið og teygir sig til vesturs fyrir ofan veginn um Lyngdalsheiði og til austurs inn fyrir tjaldsvæðið á Laugarvatni að landamerkjum Snorrastaða.

Stígar liggja um skóginn, m.a. frá tjaldmiðstöðinni á Laugarvatni sem er steinsnar frá ásamt sundlaug og ýmissi þjónustu. Aðstaða er fyrir fatlaða. Gönguleiðir liggja í nærliggjandi skóga og svæði. Í skóginum er nýr eldaskáli sem er þjónustuhús með snyrtingum og grillaðstöðu. Þegar eldaskálinn var vígður í Laugarvatnsskógi 11. maí 2018 var haldin hátíð í tilefni aldarafmælis fullveldis og gróðursett 100 tré í fullveldislund í skóginum.

Skógurinn var friðaður á fyrstu árum skógræktar hér á landi Upphaflega voru á svæðinu illa farnar kjarrleifar, 1-2 m á hæð, og var svæðið friðað til að bjarga þeim frá eyðingu. Skógarnir í landi Laugarvatns eru hluti af skógarbelti sem nær frá Laugarvatni í vestri og alla leið inn í Haukadal. Telst þetta vera með stærsta samfellda birkikjarri landsins. Birkið breiddist hægt út í fyrstu en smám saman jókst útbreiðsla þess og nú er stærstur hluti Laugarvatnslands skógi vaxinn.

Laugarvatnsskógur er blanda af birkikjarri og ýmsum gróðursettum tegundum. Er reyniviður áberandi víða um svæðið en Laugarvatnsskógur var einn af fáum vaxtarstöðum reyniviðar á Íslandi. Eftir 1950 voru enn stór skóglaus svæði innan girðingarinnar og var þá hafist handa við að gróðursetja í þau, einkum þar sem birki var farið að mynda skjól. Var því haldið áfram næstu áratugina en aldrei mikið í einu. Síðast var gróðursett í Laugarvatnsskóg 1992. Laugarvatnsskógur segir á sinn hátt skógræktar- og skógverndarsögu Íslendinga.

Í skóginum eru tóftir a.m.k. 14 bygginga frá liðnum öldum. Flest eru þau beitarhús, til marks um að fé var haldið til vetrararbeitar í kjarrinu fyrr á öldum.

APAVATNSFÖRIN

Apavatn var sögu svið frægs fundar í Sturlungu

Tveir völdgustu höfðingjar á Íslandi bitust um völdin fyrir tæplega átta hundruð árum síðan. Þeir hétu Sturla Sighvatsson og Gissur Þorvaldsson. Sturla er valdamestur höfðingja og atti kappi við Gissur, fyrirliða Haukdæla, sem var valdamesti maður í Árnesþingi. Gissur bjó um þessar mundir á Reykjum í Ölfusi. Hann var meðalmaður á vöxt og allra manna best á sig kominn, vel limaður og snareygður.

Báðir vildu þeir Gissur og Sturla ná yfirráðum yfir Íslandi með Noregskonung að bakhjarli. Yfirgangur og ofsi Sturlu var mikill. Hann óttaðist að Gissur yrði sér erfiður ljár í þúfur og stefndi honum til sín að Neðra-Apavatni og mættustu þeir þar sem síðan heitir Stefnuvöllur. Neðan við völlinn spretta fram vatnsmiklar og tærar lindir sem renna saman í bæjarlækinn. Fundurinn var á hvítasunnudag og þá „var vora best“ segir í Sturlungu. Sturla var með mikið herlið, um þrjú hundruð manns, þar á meðal var frændi hans sagnaritarinn Sturla Þórðarson, sem lýst hefur þessum fræga atburði, Apavatnsförinni. Gissur hafði eins 40 manns með sér. Sturla skipaði mönnum Gissurar að leggja niður vopn sín. „**Þeir brugðu við hart**“ segir í Sturlungu „**og brotnuðu spjótsköft þeirra sum.**“

Árið 1959 rak fimm ára gömul stúlka á Neðra-Apavatni sig í eitthvað hart þegar hún var að tína kartöflur með systkinum sínum á Stefnuvelli. Þetta reyndist vera spjót, ryðgað mjög og fornt.

Spjótið hefur síðan verið geymt á Þjóðminjasafninu og telst hinn merkasti gripur. Staðfest er að það er frá Þjóðveldisöld.



Spjótsoddurinn sem fannst á Stefnuvelli við Apavatn árið 1959. Er hann frá fundinum fræga árið 1238 þegar menn Gissurar lögðu niður vopn sín?

Það var svo sama sumar, í ágúst 1238, sem þeir Gissur og Sturla börðust til úrslita. Það var í einni mannskæðustu orrustu Íslandssögunnar, Örlygsstaðabardaga. Þar sigraði Gissur með miklum yfirburðum og sallaði niður Sturlunga.

Þá var brautin greið fyrir Gissur til valda og hann varð að lokum sá sem átti mestan þátt í því að koma landinu undir Noregskonung 1262. Þar með var lokið hinni róstusömu tíð sem kölluð hefur verið Sturlungaöld sem var í reynd borgarastyrjöld af verstu gerð.

Slysið á Apavatni árið 1856

Málið vakti mikla athygli og voru ýmsar kenningar um það hvað hefði orðið mönnum að bana



Brökkáll getur framkallað verulega rafspennu eða 450 til 600 volt. (Mynd: Wikipedia)

„Austan úr Árnessýslu berast þau tíðindi, að þrír menn hafi druknað í Apavatni í Grímsnesi með svipleikum og næsta dularfullum hætti.

Hinn 22. þ.m. stóðu þrír ungir menn við slátt á bænum Apavatni, tveir heimamenn og einn kaupa-maður að sunnan. Voru þeir að verki skammt frá vatninu sem bærinn dregur nafn sitt af. Kom þeim saman um að baða sig í vatninu. Enginn þeirra var syndur. Óðu þeir út í og leiddust. Héldu þeir áfram, unz vatnið náði þeim í herðar. Þá sneru þeir við. En er þeir voru á leið til lands, hnigu þeir niður allir í senn. Piltur einn var eftir á engjum og sá til þeirra. Hugði hann, að þeir hefðu sokkið nður í sandsýjuauga, er þar var og hann og aðrir vissu af. Fór hann þegar út í vatnið og kannaði með orfi sínu, en árangurslaust. Var síðan mönnum safnað og leitað á bát. Fundu þeir að lokum öll líkin miklu nær landi, á nálægt álmar dýpi, hvert við hlið annars, á hörðum botni.

Hyggja sumir, að hrökkáll muni hafa grandað þeim, en öðrum þykir það ólíklegt, með því að aldrei hefur orðið vart við þau kvikendi í Apavatni.“


Heimild: Öldin átjándi

Úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar


Api á Apavatni

Í ofanverðri Grímsnessveit í Árnessýslu er bær sá er heitir Apavatn og stendur hann hjá samnefndu vatni. Bæði vatnið og bærinn draga nafn sitt af fornmanni nokkrum sem Api hét. Bæirnir eru reyndar tveir og heita Efra- og Neðra-Apavatn. Norður undan Neðra-Apavatni standa hólur þrír niður við vatnið og heitir hinn hæsti Aphóll (Apahóll). Api er heygður í hólí þessum, en skip hans er í syðsta og hundur hans í hinum nyrsta.

Þegar Api bjó á Apavatni var galdramaður einn við Þingvallavatn; hann seiddi allan fiskinn úr Apavatni upp í Þingvallavatn. Þetta líkaði ekki Apa og seiddi á móti, en silungurinn snéri allir móti Þingvallavatni og rann nú á sporðinn til baka. Af þessu segja menn að allir silungur í Apavatni komi upp á sporðinum.



Jón Árnason þjóðsagnasafnari.



Ólafur digri réttir Sighvati sverð að skáldalaunum.

Um manninn sem át höfuð fiska úr Apavatni og fékk við það skáldagáfu

Sighvatur Þórðarson (995 – um 1047) var íslenskt skáld. Faðir hans hét Þórður Sigvaldaskáld og var hann með Ólafi digra Haraldssyni í víkingaferðum. Sighvatur var fósturður við Apavatn, og er sagður hafa fengið skáldíþrótt sína með því að borða höfuð viskufiska úr vatninu í bernsku. Hann var eitt helsta skáld Íslendinga á 11. öld og er meira varðveitt af kveðskap hans en nokkurs annars samtímaskálds.

Sighvatur gerðist hirðskáld og höfuðskáld Ólafs konungs Haraldssonar og var jafnframt stallari hans. Samkvæmt því sem segir í Heimskringlu var það Sighvatur sem valdi Magnúsi góða nafn og kom þar með Magnúsarnafninu inn í norræna nafnahefð. Móðir drengsins, frilla Ólafs konungs, ól hann að næturlagi og var honum ekki hugað líf, svo ákveðið var að skíra hann strax, en konungur var sofandi. Sighvatur taldi áhættuminna að velja barninu nafn en vekja konung og var drengurinn skírður. Þegar Ólafur vaknaði brást hann reiður við og spurði: „Hví léstu sveininn Magnús heita? Ekki er það vort ætt nafn.“ Sighvatur svaraði þá: „Eg hét hann eftir Karla-Magnúsi konungi. Þann vissi eg mann bestan í heimi.“ Þetta svar dugði til að sefa reiði konungsins.

Einna þekktasta kvæði hans er Bersöglisvísur, sem ortar voru sem áminning til Magnúsar konungs góða þegar hann hafði nýtekið við konungdómi og þótti fara offari gegn þegnum. Konungur hlýddi á ráðleggingar hans og breytti um stefnu.

Heimild: Wikipedia

Úlpa í óskilum

Sumarið 1875 týndi einhver óheppinn úlpunni sinni á því svæði sem nú nefnist Garðabær. Úlpan endaði síðan á einhvern óskiljanlegan hátt á bænum Neðra-Apavatni og í framhaldi af því var auglýsing birt í blaðinu Þjóðólfi þar sem eiganda úlpunnar var gert mögulegt að vitja hentar gegn sanngjarnri greiðslu. Hvort úlpan komst einhvern tímann til skila er ekki vitað.

— Um Jónsmessudagana fannst síðúlpa nálægt veginum fyrir innan Hraunsholtslæk í Álptaneshreppi. Og má eigandi vitja hennar mót sanngjarnri þóknun, að Neðra-Apavatni í Grímsnesi.



Héraðsskólinn að Laugarvatni

Héraðsskólinn á Laugarvatni var héraðsskóli sem var stofnaður 1. nóvember árið 1928 í skólahúsi sem Guðjón Samúelsson teiknaði. Hús héraðsskólans var friðað árið 2003 og tekur friðunin til ytra útlits og stigagangs.

Við setningu fræðslulaga árið 1946 tók héraðsskólinn upp kennslu til landsprófs. Haustið 1947 tók til starfa við héraðsskólann framhaldsdeild sem kenndi námsefni fyrsta árs menntaskóla og var hún nefnd Skálholtsdeild. Menntaskólinn að Laugarvatni var svo stofnaður árið 1953.

Árið 1932 var Íþróttakennaraskóli Íslands stofnaður og var hann í húsakynnum héraðsskólans, bókasafni, sundlaug og íþróttahúsi. Hús gamla héraðsskólans stóð autt um nokkuð skeið eftir að skólahald fluttist í aðrar byggingar á Laugarvatni. Listahátíðin Gullkistan var haldin í héraðsskólanum sumarið 2005. Gamli héraðsskólinn hefur nú verið gerður upp og mun Háskóli Íslands fá hluta gamla héraðsskólans fyrir starfsemi sína á Laugarvatni en þar er íþróttfræðanám innan Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Árið 1928 létu Laugarvatnshjónin, þau Ingunn Eyjólfsdóttir (1873-1969) og Böðvar Magnússon (1877-1966), ættaróðal sitt af hendi til að veita stofnun Héraðsskóla á Laugarvatni brautargengi. Þau hjónin tóku við búi á Laugarvatni 1907 og bjuggu á Laugarvatni alla tíð.

Halldór Laxness eyddi mörgum stundum í gamla Héraðsskólanum sem var rekið sem hótél á sumrin. Þar kynntist hann Auði, eiginkonu sinni, sem vann m.a. sem þerna í Héraðsskólanum.

Halldór barði á ritvélinu sína hérna á sumrin á fjórða áratug síðustu aldar og má því gera ráð fyrir að hluti sögunnar Sjálfstætt fólk hafi verið rituð hérna. Í dag er starfrækt gistiheimili í Héraðsskólanum undir nafninu „Héraðsskólinn Historic Guesthouse“.

Arkitektarnir Eyrún Margrét Stefánsdóttir og María Björk Gunnarsdóttir endurhönnuðu skólann að innan árið 2013 með sögulegt gildi Héraðsskólans að leiðarljósi.

Heimild: Wikipedia



Halldór Laxness dvaldi oft á sumrin við skriftir í gamla Héraðsskólanum. Þar kynntast hann konu sinni Auði sem vann þar sem þerna.

Héraðsskólinn árið 1934.
Fremst til vinstri er Valgerður Tryggvadóttir, dóttir Tryggva Þórhallssonar ráðherra. Valgerður varð síðar skrifstofustjóri Þjóðleikhússins.
Mynd: Wikipedia



Vígðalaug

Vígðalaug er á Laugarvatni, rétt neðan við veitingastaðinn Lindina. Hún er talin fyrsti staðurinn sem vígslu hlaut eftir að kristni var lögtekin árið 1000 en landsmenn létu þá skírast í laug þessari. Þegar lík Jóns Arasonar Hólabiskups og sona hans voru færð norður til greftrunar þóu menn þau í Vígðulaug og voru þau þá lögð á Líkasteinana sem standa við laugina, 6 talsins. Í 1000 ár hafa landsmenn haft trú á lækningamætti vatnsins í Vígðulaug. Í byrjun 20. aldar var enn algengt að sent væri eftir vatni í laugina ef einhver veiktist á nærliggjandi bæjum. Árnesingar minntust 1000 ára afmælis kristni í landinu með skírnarathöfn við laugina sumarið 2000.

Í Gvendarbrunnslækjum á Laugarvatnsvöllum vígði Guðmundur Arason Hólabiskup (1160-1237) vatnið en engum sögum fer frekar af lækjum þessum.

Heimild: ismus.is - Bjarni Harðarson



Laugarvatn að vetri (Mynd: Sarpur.is)

Hættulegir álagablettir

Álagablettur á Laugarvatni er vök á vatninu þar sem aldrei leggur, skammt undan landi úti fyrir hverunum. Heitir þar Hveraopna. Aldrei má skjóta álftr á þessari vök, á þá bestu gripur Laugarvatnsbónda að drepast. 1895 gerðist það að vinnumaður á bænum skaut tvær álftr á Opnunni og morguninn eftir fannst reiðhestur bónda hengdur á hesthúshurðinni með höfuðið fyrir utan en skrokkin inni í hesthúsinu. Hafði hann spyrt fótum svo fast í vegg að sprengja þurfti frá honum með járnkalli til að losa gripinn.

Annar álagablettur á vatninu eru álfthólmar þrír í vatninu og hafa þar verpt álftr frá ómunatíð. Sagt var að ef öllum eggjum álfthanna væri rænt fylgdi því eitthvert óhapp, s.s. að sauðburður gengi illa. Á 19. öld voru jafnan skilin eftir þrjú egg en þegar kom fram á þá tuttugustu var nytjum af álftharhreidrunum hætt.

Enn er úti í Laugarvatni staður sem heitir Hjónavakir og eru tvær vakir útaf Stóra Nefi í beina stefnu að bænum Útey. Nafninu fylgir sú saga að hjón frá eyðibýlinu Blönduhálsi undir Lyngdalsheiði hafi druknað á þessum stað.

Heimild: ismus.is - Bjarni Harðarson

Hestur datt niður dauður

Frá því segir í dagblaðinu Vísi 10. júlí 1964 að einn skjótasti veðhlaupahestur landsins, Gulur á Laugarvatni, datt dauður niður. Hann átti að keppa á fjórðungsmóti hestamanna á Þingvöllum nokkrum dögum síðar. Þetta óhapp og fleiri sem hentu Bjarna Bjarnason skólastjóra á Laugarvatni voru af sumum kennd því að í hans tíð gerðist það að bannbletturinn Barnhóll var einu sinni sleginn. Hóll þessi er nærri íþróttavöllum íþróttaskólans og beint neðan við skólastjórabústað Héraðsskólans. Á honum er dálítill þúfa sem sagt er að sé gamalt barnsleiði. Fleiri sagnir eru til um það að hóllinn hafi fyrir misgáning verið sleginn. Í tíð Böðvars Magnússonar bónda á Laugarvatni gerðist það einhverju sinni að hóllinn var sleginn af ókunnugum kaupamanni og fannst þá snemmborinn vetrungur dauður á básnum og nýborin kýr tveimur dögum síðar.

Rit þetta er tekið tekið saman af Orðaval slf. © 2024. Allur réttur áskilinn. Ábendingar sendist á baldur@ordaval.is

Heimild: ismus.is - Bjarni Harðarson

